

Skýrsla forvarna fyrir skólaárið 2010-2011.

Forvarnarstarf með forvarnarteyminu:

Vorið 2010 unnum við í forvarnarteyminu að nýnemadegi sem haldinn var 20. ágúst 2010. En hann var hluti af því verkefni sem við höfðum verið að vinna að með sveitarfélögunum og var hluti af styrktarumsókn þeirra til Lýðheilsustöðvar.

Gekk Nýnemadagurinn í alla staði vel fyrir sig og almenn ánægja var með hann þó svo að nokkrir, litlir hnökrar hafi komið upp sem verða pússaðir fyrir nýnemadaginn 18. ágúst 2011.

Við fengum sem sagt styrkinn frá Lýðheilsustöð með hjálp sveitarfélagana og að öllum öðrum ólöstuðum þá var það Bragi Bjarnason hjá sveitarfélaginu Árborg sem átti veg og vanda að því. Stóðum við í ströngu að koma umsókninni saman.

En við fengum einnig styrk fyrir stjórnumerkjadögum og voru þeir haldnir miðvikudaginn 6. okt og fimmtudaginn 7. okt. Allur fundatími og svo aukatími fór í skipulag og uppsetningu þessara daga hjá forvarnarteyminu þar sem í sátu fyrir áramót Guðfinna Gunnarsdóttir félagsmálafulltrúi, Íris Þórðardóttir forvarnarfulltrúi og Agnes Ósk Snorradóttir starfs- og námsráðgjafi.

Seinnipartur haustannar fór í að setja saman skýrslu fyrir niðurstöður stjórnumerkjadaga og nýnemadags sem við unnum þrjár og Bragi Bjarnason skrifaði um aðkomu sveitarfélagana að verkefninu. Þannig að forvarnarteymisfundirnir voru mjög vel nýttir á haustönn.

Vorönnin hefur líka verið vel nýtt í undirbúning fyrir inntöku á verkefninu Heilsueflandi framhaldsskóli sem við byrjum á haustið 2011 og er vorönnin

2011 búinn að vera undirbúningur fyrir það og svo að koma öllum verkefnum sem eru undir „Skólinn í okkar höndum“ undir eina sæng og skipulag. Þar sem Guðfinna Gunnarsdóttir fór í fæðingarorlof í des. 2010 . Þá hefur Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir verið félagsmálafulltrúi þessa önnina og hefur hún í allan hátt staðið sig mjög vel. Kann ég henni góðar þakkir fyrir samstarfið.

Héðinn Svarfdal frá Lýðheilsustöð hefur heimsótt okkur tvisvar, til að aðstoða við undirbúning undir „Heilsueflandi framhaldsskóla“ hann og svo við forvarnarteymið höfum haldið fundi með matráðskonum sem starfa við skólann og er gott og jákvætt samstarf þar á milli.

Á kátum dögum undirbjuggum við þrjá fyrirlesta, félag hjúkrunarnema, Skjöldur, kom með sjálfshjálpar fyrirlestur, Ægir Sigurðsson og Þórey Hilmarsdóttir voru með fjármálafyrirlestur og svo var fyrirlestur um geðrækt

Einnig vorum við á sjúkraliðabrautinni með blóðþrýstingsmælingu fyrir alla frá 9-14 á fimmtudeginum og kom 223 og létu mæla sig og við mældum 20 aftur tveim vikum síðar og fóru 7 á heilsugæsluna í kjölfarið.

Þórunn Jóna Hauksdóttir hefur verið líka inni í „Skólinn í okkar höndum“ með okkur Agnesi Ósk Snorradóttur, samstarf okkar hefur ekki gengið sem skyldi vegna árekstra um hver á að gera hvað og hvað fellur undir þetta og hitt.

Það sem hefur verið á minni könnu í mörg ár, er allt í einu ekki mitt mál lengur.

Forvarnarstarfið án forvarnarteymis:

Sam 103 hélt utan um h-eldri nema kaffi og var það fyrst öll hádegi, en síðan minnkað niður í tvö hádegi mánudaga og fimmtudaga, þá var mesta mætingin.

Þetta hefur haldist – sami hópur 7-9 manns er að hittast tvisvar í viku fá sér kaffi og með því í horninu á nemendamötuneytinu.

Þetta var samstarfsverkefni eins og áður okkar Agnesar Óskar Snorradóttur starfs- og námsráðgjafa.

Böllin gengu mjög vel og það er mál manna sem hafa lengi komið að þeim þ.e. dyravarða og lögreglu að þau séu orðin til mikilla fyrirmyndar. Það er lítil sem enginn vandamál sem koma upp – 8 hafa verið kallaðir í viðtöl eftir böll og í öllum tilfellum var hringt í foreldra og þau látin sækja eða bera ábyrgð á að börn þeirri yrðu sótt á ballið.

Samstarf við dyraverði, lögreglu og húsin hafa verið til fyrirmyndar og á flest böll hafa komið íþróttakademíu þjálfarar til að athuga með sinn hóp. En ekkert hefur komið upp á með þann hóp á böllunum í vetur.

Fundir.

Ég og Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir fórum á langþráðan fund hjá félags- og forvarnarfulltrúum í Framhaldsskólann í Mosfellsbæ, 14. mars en þessir fundir hafa legið niðri síðustu tvær annir, vegna samningsleysis FRÆ við Menntamálaráðaneytið.

HOFF hefur líka verið skorið niður, en ég fór í undirbúningshóp fyrir Lífsstíl og Agnes Ósk Snorradóttir fyrir Geðrækt v/ Olweusarverkefni skólans.

En fundirnir í litla forvarnarhóp Árborgar hafa verið eins og klukka, þriðja fimmtudag í hverjum mánuði og er seinasti fundurinn þessa önnina 19. maí. Höfum við verið að fara yfir aðgerðar- og forvarnaráætlanir, fyrir sveitarfélagið

fyrir hvern aldurshóp fyrir sig og kannað hvað væri í gangi og hvað ekki. Svo og rætt um hin ýmsu forvarnarmálefni og samstarf í þeim.

Ballfundir eru haldnir miðvikudaginn fyrir hvert auglýst ball og hafa þeir gengið sinn vana gang- nema lögreglan hefur ekki mætt og bera þeir fyrir sig niðurskurði, en þeir hafa verið sýnilegir á böllunum og við Elís Kjartansson höfum rætt málin þegar við hittumst einu sinni í mánuði í ráðhúsi Árborgar.

23.febrúar héldum við Þórunn Jóna Hauksdóttir á fund með fulltrúum sveitafélagana þar sem við kynntum fyrir þeim niðurstöður eftir nýnemadaginn og stjörnumerkjadaginn og sögðum þeim frá hugmyndafræðinni bak við „Skólann í okkar höndum“ og þökkuðum þeim fyrir stuðninginn við styrkumsóknina frá Lýðheilsustöð.

Forvarnarviðtöl hafa ekki verið mörg þessa önnina 8 nemendur koma í viðtöl eftir böll, 3 vegna þarfar fyrir tíma á heilsugæslustöð. 7 til að láta taka úr sér sauma, 4 til að láta sprauta sig og svo ótaldir þeir sem ég hef metið, skoðað, vafið og sent eftir mat upp á heilsugæslustöð, einn dag fyrir áramót sendi ég 5 nemendur á heilsugæslustöðina og þar af tvo með sjúkrabíl. En allt fór betur en á horfðist. Þannig að forvarnarstarf mitt hefur breyst í hjúkrunarstarfa meira og virðist ekki veita af, eftir að lækarnir hættu að koma. J

Takk fyrir mig

Kv. Íris Þórðardóttir forvarnarfulltrúi FSu